

239. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 12. desember 2025, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Karl Kristjánsson

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

1. Fundargerð 238. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 238. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 20. nóvember 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2026 - Örnefnaverkefnið

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun vinna áfram að örnefnaverkefni árið 2026. Fyrir liggur að klára örnefnaskráningu á Breiðafjarðarsvæði, sem hefur verið í vinnslu í mörg ár.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi samstarfsverkefnið og samþykkti að leggja 1,1 milljón króna til lokaverkhlyta örnefnaverkefnisins, sem verður unnið árið 2026.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í samband við samstarfsaðila til að ganga frá samstarfssamningi.

3. Búðanes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi – Jarðvegsvinna innan marka verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Sveitarfélagið Stykkishólmur framkvæmdi jarðvegsvinnu við Búðanes í Stykkishólmi nóvember 2024. Breiðafjarðarnefnd sendi Sveitarfélaginu Stykkishólmi fyrirspurn vegna verkefnis vorið 2025 og fékk svar frá sveitarfélaginu í október 2025.

Nefndin fól starfsmanni að undirbúa drög að svari á síðasta fundi.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi drög sem starfsmaður nefndarinnar undirbjó fyrir fundinn og samþykkti svarið.

Ákveðið var að senda afrit til Náttúruverndarstofnunar.

4. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar á heimasíðu nefndarinnar undir flípanum útgáfu. Beinn hlekkur að skýrslunni er [hér](#). Nefndin hefur unnið áætlun í samvinnu við landeigendur um framgang verkefnis og er í samskiptum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að vinna verkefnið áfram.

Vorið 2025 gerði Breiðafjarðarnefnd samkomulag við fagaðila (Vatnaskil og COWI) um að kanna og greina þá undirbúningsvinnu sem þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka upplýsta ákvörðun um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

Fyrir liggur að skipuleggja fundi með landeigendum þar sem kynnt verða niðurstöður Vatnaskila og Cowi.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkti næstu skref verkefnisins á fundinum og skipulagði fund með landeigendum, sem fyrirhugaður er í janúar 2026, þar sem frumniðurstöður Vatnaskila og COWI verða kynntar.

5. Fjármál

Fyrir liggur að klára fjármál árs 2025.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi stöðu fjármála á fundinum og gekk frá fjármálum ársins 2025.

6. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 15. janúar 2026, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.